

**36. Karateþing 19. Febrúar 2023.**

**Þingskjal nr. \_\_\_\_\_**

**Íþróttamiðstöðin Laugardal.**

**Tillaga lögð fyrir Karateþing.**

**Frá Karatedeild Breiðabliks.**

Tillaga um að KAÍ setji á laggirnar vinnuhóp til þess að fara yfir stefnu ÍSÍ og koma með tillögur um aðgerðir sem væri hægt að ráðast í til þess að skapa jákvætt, aðgengilegt og hvetjandi karate umhverfi fyrir transfólk

**Greinargerð.**

ÍSÍ hefur mótað sér stefnu um íþróttir barna og unglunga þar sem meðal annars kemur fram að; Öll börn ættu að eiga þess kost að stunda íþróttir og upplifa þá gleði og ánægju sem af starfinu hlýst; Umhverfið þarf að vera jákvætt og hvetjandi þar sem börnum líður vel og finnst þau velkomin. Fjölbreytileikinn í hópi barna er mikill og eru sífellt nýjar áskoranir að bætast við. Á síðustu árum hafa fleiri börn, á öllum aldri, verið að stíga fram sem trans. Mikilvægt er að huga vel að aðgengi þessa hóps að íþróttastarfi, taka vel á móti þeim og huga vel að þeirra sérstöðu.

Fyrir hönd stjórnar karatedeild Breiðabliks  
Sigbór Samúelsson